

UM

ÍSLENZKAN FALDBÚNING

MEÐ MYNDUM

EPTIR

SIGURÐ MÁLARA GUÐMUNDSSON.

BÚID HEFIR UNDIR PRENTUN OG ÚTGEFID

GUÐRÚN GÍSLADÓTTIR.

Kaupmannahöfn.

Í prentsmíðju S. L. Möllers.

1878.

UM

ÍSLENZKAN FALDBÚNING

MED MYNDUM

EPTIR

SIGURÐ MÁLARA GUDMUNDSSON.

BÚIÐ HEFIR UNDIR PRENTUN OG ÚTGEFID

GUDRÚN GÍSLADÓTTIR.

Kaupmannahöfn.

í prentsmíðju S. L. Möllers.

1878.

Þessi blöð eru tileinkuð öllum góðum og þjóðlega sinnuðum íslenskum konum í minning þess, að þær hafa nú borið sama búning í rjett þúsund ár, nær óbreyttan í öllum aðalatriðum. (1874).

Sigurður Guðmundsson.

Formáli.

Haltu minning, móðurláð, þess manns í hreinu gildi,
er hefði blóði feginn fád hvern flekk af þínum skildi.

(Eptir Stgr. Þorsteinsson; sáungið við gróf Sigurðar málara Guðmundssonar).

Hver sá, or sjer blóð þessi, mun þekkja nokkuð til höfundar þeirra, Sigurðar málara Guðmundssonar, og vita að hann lagði hinn mesta áhuga á, að laga hinn forna íslenzka búníng og láta hann eigi leggjast niður, en viðleitni hans í þessu tilliti var enginn fyrirtökinn háttur, sprottinn af sjervizku, heldur átti hún rót sína í hinn djúpu ættjardarást hans og viðkvæmu fegurðartilfinning; hefir hann sjálfur lýst því með orðum þessum, er hann hefir einhvern tíma (líklega um 1860) ritað á laust blað og of til vill hefir átt að verða blaðagrein:

«Hvert það þjóðmálefni, er framgengt verður, veitir mönnum hug til að royna að koma fleiru til loidar; það er því varla svo lítið málefni til, sem á annað borð sigrar, að það ekki styrki hið stóra alþjóðlega ætlunarverk, því það uppörfar alla, sem vilja gjöra þarflegar uppástungur, en veikir krapta þeirra, sem hafa yndi af því, að hæðast að og hindra öll ný fyrirtæki.

Svona mun það verða með búníngsmálið, þó margir álíti það lítið áriðandi oður með öllu óþarft; geti menn komið því fram og fengið fólk til að hugsa um það með skynsemi, þá mun þar margt floira á eptir fara, sem því or meira náskýlt en menn halda; í stuttu máli, og hefi ekki

sjeð aðra hnúta, sem reynandi væri að losa um í því ástandi sem þjóðin er nú, og hygg eg að það sje sá beinasti og rjettasti vegur til að lagfæra almenna fogurðartilfinning Íslendinga, því hjá fátækri þjóð verða menn fyrst að byrja á litlu eg helzt almennu, og síðan færir almenníngur sig upp á skaptið af sjálfu sjer. Ef vandlega er aðgætt, þá hefir skeytíngarleysið eða rjettara sagt smekkleysið verið sá versti eiturormur og sjúkdómur, sem hjer hefir goisað yfir allt land í langan tína; þótt fáir hafi veitt því optirtekt, þá hefir einmitt þessi vonði sjúkdómur verið orsök til flestra meina landsmanna t. d. hoilsuleysis, deyfðar og jafnvel fátæktar, auk þess sem hann hefir spíllt hæfilegleikum sálarinnar og dregið andann niður í saurinn, því saurugar hugsanir og saurugur líkami fylgist jafnaðarlega að; um það eru flostir samdóma; en hreinu líkami og snotur klæði eru fyrirboði hreinnar sálar; það er kynlegt, að, þótt allir sjái að dýrin hreinsi saur af sjer og vilji vera sem hreinust, þá skuli margir menn standa lægra en dýrin og halda að það sje sjer meðskapað að vera óhreinn; sumir segja jafnvel: «eg held eg verði sáluhólpinn, þótt eg því mjor ekki eða kembi», eins og það væri sáluhjálpinni til fyrirstöðu að vera þokkalegur. Eg geng út frá því, að sá maður, sem býr sig hreinlega og snyrtilega, fái um leið tilfinningu fyrir fleiru t. d. að hafa góð og hreinleg húsakynni; þar af leiðir að hann fær betri heilsu; sú kona, er elskar mann sinn, mun varla þola að sjá hann óhreinan og illa til fara, ef hún á annað borð sjálf or vel til fara og hreinleg; því síður mun mega kalla, að nokkur sú móðir elski börn sín, sem þelir þá ósjón að sjá þau óhrein og rifin; það er hið mesta og viðbjóðslegasta smekkleysi. Sá sem hefir fengið tilfinningu fyrir því, sem nú var talið, mun varla geta sjeð hest sinn, som er hið fegursta dýr, illa hirtan, og heldur eigi neinar aðrar skepnur sínar; en sá maður sem fengið hefir tilfinningu fyrir því að ganga sjálfur vel til fara, hafa

góð og holl húsakynni og hirða vel skepnur sínar, hann mun ekki lengi una því að sjá tón sitt þýft, óumgirt og illa ræktað; af þessu leiðir, að fátækt landsins, sem einkum sprettur af óræktinni og ilhri meðferð á skepnum, er í raun og veru komin af smekkleysi; deyfðin eg uppburðarleysið er líka komið af smekkleysi, því sá sem gengur illa til fara, fyrirvordur sig og missir þá djörfung í framgöngu, or hann annars mundi hafa, auk þess sem hann skortir þá hvöt til framkvænda, sem liggur í tilfinningunni fyrir því, sem vel fer á. En sjer í lagi or heilsuleysið komið af óþrifnaði, en óþrifnaðurinn er eintémt smekkleysi:

Líkama sinn ræki lýða hver;

heilsa er höddum framar. (Hugsvinnsmál).

Sumum mun þykja kynlegt, að maður snúi sjer nær því alveg að kvennfólkinu, en þó mun það vera rjett í alla staði, úr því sem nú or að ráða hjer á landi, því konurnar hafa þó helzt haft hugann við það, sem vel fer á, enda hefir hið fagra sterkari áhrif á skap kvenna en karla, eins og annars allt; en þær geta haft bæði mjög góð og eins skaðleg áhrif á fegurðartilfinning karlmannsins frá upphafi, því þær eru í fyrsta, nákvæmasta sambandi við hann sem barn og síðan sem fulltíða. Þær eru eins og skapaðar til að stjórna öllu innanhúss, og til að gjöra mannum lífið unaðsamt bæði með sinni eigin fegurð og kvennkostum, sem og með fegurð og hreinlæti heimilisins; það er því ekki of mikið, þótt eg segi, að allri fegurðartilfinning landsins sje mikil hætta búin, ef konurnar eru smekklausear; það verður ekki brakið som reynslan sýnir, að vjer erum allir meira en vjer vitum loiddir af tilfinningum kvennfólksins.

Eins og sjá má á grein þessari skoðaði Sigurður hinn íslenzka kvennbúning bæði sem meðal til að glæða fegurðartilfinning manna og smekk, og jafnframt þótti honum það vera skylda manna við ættjörðu sína að viðhalda fornum þjóðbúningi, er sumpart var snotur og haganlegur til hvers-

dagsnota eins og húfubúningurinn, sumpart tignarlegur og skrautmikill viðhafnarbúningur eins og faldbúningurinn. Um húfubúninginn fer Sigurður þessum orðum í grein einni, er hann hefur ritað:

„Það hefir verið almennt álit hjá öllum þjóðum, er hafa haft mikla fegurðartilfinning, að þegar búningurinn er sem einfaldastur, haganlegastur og sem mest samsvarandi hinum fagra mannlega vexti, að því fagrari sje hann. Hinu íslenzki húfubúningur hefir alla þessa kosti, ef til vill fram yfir flesta aðra búninga; það er hinum íslenzku konum til sóma, að þær hafa fundið upp slíkan búning; en það er undarlegt, að það lítur út fyrir að allir þessir kostir spilli fyrir þessum fagra búningi, af því menn eigi kunna að meta þá; eg vil taka til dæmis, að ein kona sje fríð sýnum og hafi fagurt vaxtarlag; það er onginn efi á, að fegurð hennar sýnir sig bezt, þegar hún er sem einfaldast búin; þetta er eðlilegt, því þá er ekkert smáflingur, sem glepur fyrir auganu, eða leiðir það frá andlitinu og öðru, sem það leitar að; en hinar, sem fegurðardísirnar hafa lánað minna af fegurð sinni, bera opt skart og litklæði, sjálfsagt til að tæla augun frá andlitinu. Eg veit ekki hvaða orsök er til þess, að það lítur svo út sem ýmsar konur, helzt í kaupstöðum og líka sumstaðar annarstaðar, þykist of góðar til að bera hinn íslenzka húfubúning; það kemur, ef til vill, til af því að konur í stórbæjum orlendis bera norðurálfubúninga; en ef þær byrja á að líkja eptir þeim í búningi, sem reyndar getur hjer á landi aldrei orðið nema aflagi og á optir tímanum, þá fer þeim líkt og karlinum, er byrjaði á því, að smíða negluna í skipið. Húfubúninginn ættu allar íslenzkar konur að bera hversdagslega, ungar og gamlar, tignar og étignar; þær eiga að láta sjer þykja virðingu að því að bera sín eigin handaverk utan á sjer, úr því efni, sem þær geta veitt sjer í landinu sjálfu, on okki að vilja sýna sig meiri háttar einungis með útlendu klæðasniði úr

útlendu efni, því öll framganga þeirra og látbragð mun lýsa því, hvort þær eru sannarlega meiri háttar, en ekki klæðiu. Verið getur að sumir finni það að húfubúningnum að hann er dökkur, en ef svo er, þá verð eg að benda þeim á, að það er svartí liturinn, sem bezt á við hinn íslenzka hörundslit og þessvegna er hann einnig orðinn þjóðlitur¹⁾, og þaraðauki or sá litur, eptir allra síðaðra þjóða dómi, sá eini, sem ekkort illt verður sagt um, við hvaða tækifæri, sem hann er boriinn; hann á við að bera bæði hversdagslega og á hátíðum, í sorg og gleði og við öll tækifæri; en hver veit nema að þeim þyki hitt að honum, að hann sje of grófur, en þá verð eg aptur að benda þeim á, að hið kvennlega hörund verður aldrei eins fagurt og þegar menn sjá það í samauburði við einföld og nokkuð gróf klæði; nú eru sumar konur teknar upp á þeim óþarfa að sníða þeisurnar úr klæði, sem aldrei getur eins fullkomlega lagað sig eptir vextinum eða farið eins vel og þrjónapeisur; á meðan húfan er þrjónuð, á þeisun að vera það líka²⁾.

Eg vil um loið dropa á uppruna húfubúningans; hin fyrsta rót til hans er ekki eldri en frá 17. eða 18. öld; þeisun er líklega mynduð af hollenzkri treyju, sem var nokkuð áþekk; skotthúfan held og að sje algjörlega íslenzk; hún var með allt öðru lagi, þegar þeir elztu menn, sem nú lifa, fyrst muna til; þá báru karlmenn skotthúfu með löngu skotti og löngum tvinnaskúf; en konur sem báru húfu höfðu hana stóra en með litlum skúf, saumuðum úr mjóum klæðislangjum, sem þær kölluðu hnappaskúf; þetta

¹⁾ Það má enginn misskilja mig, þótt eg segi að svartí liturinn fari vel og að húfubúningurinn eigi að hafa þann lit. Við faldubúninginn getur verið nokkuð öðru máli að gegna, því hann er hátíðabúningur og má þess vegna vera skrautmikill.

²⁾ Um lögun húfubúningans má sjá meira í 17. úri Nýrra Fjelagsrita bls. 42 og 43.

hafa gamlir menn sagt mjör. Kvenn húfan hefir áu efa myndast úr karlmannshúfunni og breyzt smámsaman þangað til hún var orðin eins og hún er nú, en úr þessu má hún ekki breytast, því nú hefir hún náð sinni mestu fullkomnun, þegar hún er rjett í laginu*.

En að því er skautbúnínginn snertir, þá mátti svo að orði kveða, að Sigurður væri hrifinn af feðurð hans og tígu; hann þóttist í honum sjá ímynd þess, er hann unni öllu framur, hins fagra og svipmikla ættlands síns; hann skoðaði Ísland sjálf sem fyrirmynd búníngsins, og fer hann um það á einum stað svofeldum orðum:

«Margar aðrar þjóðir hafa geðþótta ómenntaðra og smekklausra skraddara fyrir fyrirmynd í búníngi sínum, en þeir eru alltaf að breyta til af ávinningssvon og nota sjer tilbreytíngarsýki og heimsku skrilsins, er engan landssíð eða landsheíður þekkir; en sú staðfasta fyrirmynd, er Íslands dætur hafa hingatil til haft í búníngi sínum, er sá búníngur, er skaparinn hefir veitt móður þeirra*.

Tilfínníngum sínum fyrir feðurð faldbúníngsins hefir Sigurður einkum lýst í kvæði því, er hann hefir nefnt Faldafestir og hjer fer á optir. Á seinustu æfíárum Sigurðar fóru konur í Reykjavík að hans tilhlutun að taka upp kyrtíl sem dansbúníng. Um hann fer Sigurður þessum orðum:

«Dansbúníngurinn er hvítur að lit og með bláum eða svörtum bylgjuuppdrætti allt í kringun háls og ermar og neðan á kyrtílinum. Sá almenni skautbúníngur er persónífíserað Ísland á sumrin, en dansbúníngurinn Ísland á voturna; þá er eyknan sjálf hulin snjó, en híð bláa oyjabelti leggst utan að meginlandi og annesjum hennar og öldurnar leika við fætur hennar, eíus og blái bylgjuuppdrátturinn neðan á kyrtílum dætra hennar; hún sjálf ber fald á höfði, eíus og þær, með stjörnubauga og norðurljósdregla yfir enníuu, líka höfuðbóndum þeirra. Meun skemta sjer helzt á voturna, og

er búningur sjálfrar eykonunnar þá sú haganlegasta búningsfyrirmynd fyrir konur og óbrotnust. Þenna búning bar Saga, sögudfsin¹⁾».

Auk þess að fara faldbúninginn sem næst hinni fornu og föggu lögun sinni, lagði Sigurður mikla stund á að uppdrættirnir í honum yrðu samkvæmir almennum fegurðarreglum. Í því skyni bjó hann til mjög mikið af uppdráttum, er hann gaf ýmsum konum til að sauma eptir, eins og hann einnig hlutaðist til um að silfrið yrði sem fegurst²⁾. En er búningurinn fór að verða almennur, þá var svo opt leitað til Sigurðar til að fá uppdrætti, að hann sá að hann eigi mundi komast yfir að fullnægja þörfum manna í því tilliti, er fram liðu stundir; ennfremur var honum og ljóst, að ef sín missti við, þá mundi vera hætt við, að uppdrættirnir aflöguðust smámsaman, ef þeir væru hvergi til, nema teiknaðir með blýanti á lausum blöðum. Fyrir því fór hann hin seinustu ár æfi sinnar að leitast við að fá uppdrættina gefna út; en þareð það var andsætt, að útgáfan eigi mundi, sízt í bráð, geta borgað sig, þá fóru konur nokkrar í Reykjavík vorið 1874 að royna að safna samskotum til þess, og átti Sigurður að taka við þeim; en er hans missti við um sumarið, þá var og samskotunum lokið; veit eg eigi til að þau hafi orðið meiri en 20 kr., frá húsfrú Jóhönnu Kjerúlf á Skriðuklaustri, er eg afhenti Sigurði um sumarið áður en

¹⁾ Með blýanti er skrifað neðan við þetta: «Hjer þarf að gjöra grein fyrir að búning þenna má brúka sem dansbúning, sem brúðarbúning og ef vill sem ferningarbúning, en enganvegin sem kirkjubúning eða hátíðabúning að öðru leyti».

²⁾ Hann taldi það mikið lán fyrir búninginn að gullsmíður Sigurður Vigfússon var í Reykjavík, er hafði bæði menntun og hagleik til að smíða silfur vandað og smekklegt; til hans visaði Sigurður málari jafnan, er eitthvað það skyldi smíða, er vandað átti að vera.

hann dó; 10 kr. frá jungfrú Sigríði Sigfússdóttur á Skriðu-
klausri og 36 kr. frá dætrum Sigurðar prófests Gunnars-
sonar á Hallormsstað, er mér voru sendar eptir að Sigurður
var dáinn. Áður en Sigurður dó, var hann byrjaður á að
búa uppdrætti sína undir prentun og var hann búinn að
teikna uppdrættina Nr. 4—14, 17—27, 29—31 og 37—39
að mestu eða öllu leyti. Tilcinkunin var einnig eptir hann.

Þá er eg í septembermánuði 1874 frjetti lát Sigurðar,
heyrði eg jafnframt, að ýmsir óviðkomandi menn væru
farnir að róta í uppdráttum hans og öðru, er eptir hann
lá, og að búast mætti við að það mundi bæði tynast, tvístrast
og skemmast; en þaræð mér var áhugamál að koma í
veg fyrir slíkt, þá fjekk og heimild frá móður Sigurðar, sem
onn or á lífi, til þess að fá alla uppdrætti hans í míuar
hendur. Eg hafði áður undir umsjón Sigurðar teiknað í bók
handa sjálfri mér flesta uppdrætti hans og saumað marga
þeirra eptir fyrirsögn hans; fyrir því þótti mér tvísýnt, að
kostur mundi vera á öðrum, er færari væri til að búa upp-
drætti hans undir prentun, á þann hátt sem hann hafði
sjálfur tilætlazt. Þótt eg því vissi að mér væri á hinn
bóginn margra muna vant, að gjöra útgáfuna svo úr gærði,
sem ákjósanlegt væri, þá rjedið eg þó í að bjóða frændum
Sigurðar að búa uppdrættina undir prentun, ef þeir vildu
kosta prentunina, og skyldu þeir þá hafa til styrktar sam-
skotafje það, er áður var nefnt, eða að öðrum kosti leyfa
mér sjálfri að láta prenta uppdrættina, ef eg sæi vog til
þess; en svörin urðu ógreið af þeirra hondi, því þeir viku
málinu undir bróður Sigurðar, Pjetur prest Guðmundsson í
Grímsey, en brjefaviðskipti við hann voru allerfið; leið svo
þangað til sumarið 1876, að síra Pjetur kom hingað; hann
hafði fullan hug á því, að láta það, er eptir bróður hans lá,
verða bæði minningu hans til sóma og öðrum að gagni;
þótti honum einnig, hvað útgáfu uppdráttanna snerti, að
frændum hans væri skyldast að eiga á hættu kostnaðinn

við hana; fyrir því tókst hann á hendur með samskotnum að kosta útgáfuna og hefir hann síðan beðið kaupstjóra Tryggva Gunnarsson að sjá um prentunina í Kaupmannahöfn; en til að gjöra kostnaðinn ljettari, var svo ráð fyrir gjört að gefa uppdrættina út í tveimur eða þremur heptum, svo að andvirðið gæti jafnóðum orðið styrkur við framhaldið. Þannig koma eigi út að þessu sinni, nema hinir svonefndu grísku og býzönskku uppdrættir á skautfötin; allir uppdrættir með íslenskum rósum, sem og uppdrættir á silfur, sessur o. fl. verða að bíða að sinni.

Svo var til ætlazt, að uppdrættir þessir yrðu svo prentaðir veturinn 1876—77, en þegar til kom var prentunarkostnaðurinn eigi alllitlum mun meiri, en ráð hafði verið fyrir gjört, svo að enn eigi varð af prentuninni að sinni. Var þá farið á leit að fá styrk til hennar af opinberu fje, og 17. sept. þ. á. veitti landshöfðinginn yfir Íslandi af fje því, sem ætlað er til verklegra og visindalegra framfara hjer á landi, 200 kr. til að gefa út uppdrætti þessa, af þeim ástæðum, að hinn sjerstaki þjóðbúningur hjer á landi sje bæði kostnaðarminni en hinn útlendi búningur og nauðsynlegur, þar sem fólki víðast hvar hjer á landi sje ómögulegt að fylgja þeim breytingum, er útlendi kvennbúningurinn tekur, og að þar að auki hinn innlendi búningur hafi talsverð menntandi áhrif vegna þeirra hannyrða, sem honum eru samfara.

Um leið og eg því hjermeð legg uppdrætti þessa fyrir almenningssjónir verð eg að biðja alla góða menn að afsaka það, sem áfátt er við útgáfu þeirra og líta á erfíðleika þá, sem jafnan eru við að gefa út annara verk, sem eigi eru til fullgjörð af þeirra hendi. Hinsvegar vænti eg þó, að uppdrættir þessir muni verða til að útbreiða enn meir hinn fagra þjóðbúning vörn og halda honum í rjettu horfi; ber eg engan kvíðboga fyrir því, að hann muni þurfa að rýma sæti fyrir hinum útlendu mánaðabúningum, því hann er

eigi að eins þjóðlegur dýrgripur, fagur og tilkomumikill, er í tilbreytingum sínum getur sýnt bæði hagleik og smekk þeirra, er bera hann, en hann er einnig hentugri fyrir oss en búningar frá suðlægum löndum og þess utan er hann, þegar alls er gætt, kostnaðarminni. Faldbúningurinn getur varað mann fram af manni og hverjum er í sjálfs vald sett, hvort hann leggur mikinn eða lítinn kostnað í hann; hann er hinn sami hvort sem hann er úr útlendu klæði eða innlendu vaðmáli, hvort sem hann er hlaðinn gulli og silfri eða lagður einföldum snúrum.

Steinnesi 12. dag nóvembermån. 1877.

Guðrún Gísladóttir.

Faldafestir.

(Kveðinn 1859).

- | | |
|--|--|
| <p>1. Ár var alda það,
er aldnir jökklar
háan fald skautuðu
himinlíni,
heiðríkum var það
himingeislum
stafað, en umgirt
stjörnubaugum
og leiptrandi norður-
ljósum sveipt.</p> <p>2. Ár var alda það,
er af úrgum höddum
reisti sig faldur
Ránardætra,
er harðúðgar
heim þær buðu
víkingum á sinn
vota beð.</p> <p>3. Ár var alda það,
er víkinga
skeiðar háum
skautuðu földum,
þá hvítfaldin
himinglæfa</p> | <p>strengja mar
steypa vildi.</p> <p>4. Ár var alda það,
er víkingar
hringserki báru
hamri þæfða
og járnfaldnir
freka veittu
morginbráð,
þá Mundilfara
dóttir upp reis
af úrgum beð.</p> <p>5. Ár var alda það,
er valkyrjur
himneskur blær
um himin flutti,
hjálmi faldnar
í hildarskrúði,
þar bœðmáni óð
í ísarnskímu
og gráir geirar
úr greiptri mund
hrælogandi
að hjörtum renndu.</p> |
|--|--|

6. Fjöldi vetrar
fyr Ísland var
fundið af mönnum
var faldur til;
hann er eldri
öllum sögnun,
er tunga vor
til getur fært.
7. Ár var alda það,
er yfir grúfði
línfaldur mjúkum
meyja höddum;
tignarskraut það
af tindum efan
til einkennis gafst
Íslands dætrum.
8. (Því) Eykonan fríða,
vor aldna móðir,
hlaut af Alföður
sinn himinfald
helga fyrir mynd
hennar dætra,
er aldregi þær
eiga að gleyma,
unz alda-rof
of Ísland dynja.
9. Setti' hún fald á höfuð
sinni dóttur,
skörungskapur hvað honum
skyldi fylgja,
- hamingja, trygð
og hjartaþrek,
frjálslegt viðmót
og fegurð hrein.
10. Bauð hún henni sjer
í búning fylgja
og eptir sjer
alveg breyta,
en aldri sið
útlendra taka,
meðan sær
sig um girti,
11. Meðan fannhvítur
faldur af tind
heiðivanur
hátt sjer lyptir
og grænt gras
grundir hylur
og silfurlitar ár
til sjáfar leita.
12. Þetta beð hennar
sem þrumuljós flaug
og sig rétfesti
í svannabryóstum,
má þess sjá vott
um aldir allar,
því þótt útlent ryk
á hafi fallið,
hefir hún jafnan
hrist það af sjer.

13. Að eiði unnum
við allar landvættir,
hjelug fjöll
og háa jökla,
unnir ljósar,
elfur sólfáðar,
fallanda foss,
og fjólubrekku
hún sinn þjóðfræga
heiðursfald tók.

Faldurinn.

14. Skín því enn á hennar
skararfjalli
faldurinn aldni
sem fönn á tindi,
er gnæfir hátt upp af
hæstu fjöllum
og fífilglituðum
fjallahliðum.

15. Jafnan hefir hún
höfuðband gullið
lagt sjer um enni,
ápekt að líta,
sem þá norðurljós
ljóma yfir
himinfölduðum
fjallatindum.

16. Ber hún títt
af brendu silfri

stjörnubaug
um brúnahimin,
leiptrar ein stjarna
stærst í miðju
ljómandi geislum,
sem leiðarstjarnan
blikar hæst
í himinrjáfri
yfir Íslands
enni miðju.

17. Síðan leggur hún
sjer of höfuð
hífaln þunnt,
er hennar myrkrar
ásjónu hvíta,
haddinn prúða,
höfuðskart búíð
og hálsinn ljósa.

18. Breiðir það sig
um bak og herðar,
hrynjandi í ferðum
harla smáum,
en megnar þó ei
hið minnsta að deyfa
hauksnör augu
nje höfuðband gullið.

19. Því frammar birtist
fegurð þeirra,
er þunn lín-hula
húm dregur yfir

frangjarna grama,
er fegurð þreyta
við haukfrán augu
og höfuðband gullið.

20. Er sem alstirnd
yfir grúfi
haustnótt snætyptum
himinfjöllum,
megnar hún að eins
fyr manalegu auga
fagra ásjónu
Íslands að deyfa.
21. En aptur á móti
fyr íta sjónir
framleiðir hún
í fegurð allri
norðurljósin,
sem logandi klæði
kulvindur blási
um hvolf himins.
22. Blika sjest vagn
í boga fjölstirndum,
formanns leiðtogi
og fögur blástjarna,
er gegnum hún sendir
geisla blíða,
sem blá meyjar
brúastjarna
bliki hýrt gegnum
brúðarlín.

Treyjan eða upp- hluturinn.

23. Hennar hvelfda brjóst
hylur dökkur
kyrtils upphlutur
kringdur haglega,
utan um herðar
og alt að belti
hringa sig þræðir
af hreinu silfri,
24. Er sameinast glæstum
silfurblöðum
áþekt í svip
á að líta,
sem ár fram líði
af fjöllum ofan
og hríngi sig millum
heiðavatna,
25. Eður sem elfur
undan líði
heiðvönum jöklum
kring hálsa og fell
of «dali dögögotta
og dökkar hlíðar»
sólheiða daga
til sjávar niður,
26. Hefjast þær og breikka
sem hindrun mæta,
en aptur mjókka
er ekkert tálmar,

af því þær verða
þýðlega að lagast
eptir landsins
yfirborði.

Beltið eða lindinn.

27. Um hana liggur
lindi af silfri
lagður haglega
með laufkvikum enda,
er blaktir til
á báða vegu,
glitrandi sproti
gullvöndum kastar,
svo augu deprastr
áhorfenda,

28. Líkt og öldukvikt
eyjabelti
leikur við Íslands
öldnu stendur
í svalri hafgolu
á sumri miðju,
er sólgárnð hrönnu
að sandi rennir
gulltyptu löðri
geisla kviku.

Fötin eða niður- hluturinn.

29. Hennar fót
í föllum hrynja

dökkgræn sem laukur
úr grasi vaxinn,
þau sameinast
með þjettum ferðum
upphlutinn við,
sem iðja grænt
grösuugt sljettlendi
með geirnum þjettum
sameinast dökkum
dalahlíðum.

30. En allra neðst
eru þan skreytt
gullfjölluðum
greinum laufdökkum
eða liljum
litarprúðum,
er kyrtilinn
umhverfis vefjast
og blika fram úr
bylgjum klæða
optir hreifing,
sem á þau kemst.

31. Sem dögglituð
á dagsmorgni
sólu mót
af sunnaublæ hreifð
blá og gul valla-
blóm á sumrum
glitri um Íslands
grundir og tún.

Möttullinn.

32. Möttul hefir hún
of herðar lagðan
ðökkan að lit
og dreglum búinu,
gullroðnum dálki
gegnum stunginn
eður með tyglum
ítursnúnum
bundinn saman
á brjósti miðju.

33. En faldurinn yfir
alhvítar vofir,
sem hvítir jöklar
af heiðmyrkri þoku
himinlín sín
í heiði viðra,
svo aldrei blakna
að aldarofi.

34. Hrynja möttulsferðir
af herðum niður
íturvöxnum
ofan um knje,
hylja þær skart
á hennar brjósti,
ef hún sveipar
sig í möttli.

35. Er það sem myrk
árla morguns

dragist þokuský
of dalahlíðar,
en rofni þegar
fyr röðulgeislum,
og sólskins blettir
í brekkum skíni.

36. En ef möttullinn
aptur af herðum
fellur brjósti frá,
bægt til hliðar
með lausum tygli,
þá leiptrar gullvarið
brjóst mót auga
af engu hulið.

37. Sem dökkuslungnar
dalahlíðar
með fallandi ám
og fífilgeirum
glitri sunnu
geislum móti,
er morgunblær
myrkva þoku
hefir fyrir skömmu
hrakið á brautu,

38. Er áður sólarroð
sást á tindum
foldu fyr
frerum varði
og útnyrðings
anda köldum,

er hrími blæs
á háa tínda,
er þeygi skýlir
þokumöttull.

39. Með skykkju sinni
skýli veitir
konan sjer
og sínu barni,
er á hennar svásam
sefur armi
undir mjúku
möttulsskaufi.

Aukaskraut og lausa- skraut.

1. Gullhlaðið á ermunum
(hlaðbúnar stúkur).

40. Forfeður orir
í árdaga
ísarnstúkur
að örmum læstu;
það var harðhentrar
hetju einkenni,
hæfilegt skraut
í sköglarveðrum.

41. Orar meyjjar
að mjúkum armi
gullhlaði læsa
gyltum hnöppum,
er fannhvítri hönd
hæfir þeirrar,

er til harðraða
eigi er sköpuð,

42. Heldur til yndis
og ástarblíðu
fagurra iðna
og íprótta;
hvíta hönd
hagleik gædda,
er fagurt vinnur,
skal fagurt prýða.

2. Menið.

43. Men hefir hún
að hálsi spent
með gullnum krossi,
er kristna trú merkir;
en hangi kína
á hennar meni,
er það ástar
einkunn fögur,

44. Því að markað sjest
mitt á kingu,
það er ann hún
öllu fremur,
að fögrum sið
fornra ættmæðra,
er þær tíðkuðu
á elztu tímum.

45. Gullmen ofið
af glæstum hríngum

er heilagt trygðaband
trúar og ástar;
fjötrar það að hennar
fögru brjósti
líking alls þess,
er ann hún mest.

3. Lyklarnir.

46. Við beltið má líta
lyklakippu
saman við stýl
í sylgju hanga;
það er aldin
eiukunn húsfreyju,
er hún af dísun
að erfðum tók.
47. Heillamark gesta,
er hressing þurfa
farmóðir mjög
af ferðum löngum;
líta þeir glaðir
er línbundna sjá
konu með lykla
og kenna húsfreyju.
48. Með glöðu bragði
hún gestum fagnar,
með hrynjandi lyklum
á hvítum linda,
allt eins og Freyja
forðum bar
að einu því
undanskildu,

að l. H. S.
ei var á sylgju.

4. Handlínan.

49. Brugðið sjest
undir belti hennar
hvítri af hörvi
handlínu góðri,
hrcinni sem drif
dúfnastreng prýddri
og hjartaröð smárrí
á hverri rönd,
með gömlum ljereptssaum
gagnsaumuðum,
er hann smágjör
sem ornavefur.
50. Dúfan samtengd
við drifhvíta litinn
og hjartamyndir á
hennar líni
hreina tákna ást
og hugarfar saklaust
og henni bendíng
holla gefur:
að sakleysisins
sje jafn vandgætt
og hreins líns,
að hvergi flekkist.
51. Dúfan hvít skartar
á drifhvítu líni,
en óhreín á saurgu
illa skartar;

hvítt skartar hjarta
á hvítu líni
sem hreint hjarta
í hreinu brjósti.

52. Einsog dúfan
er elskust að hreinu,
eins hænist ástin bezt
að því hreina
og þar unir sjer
alla stund,
en við óprifnað
aldrei þrifst.

53. Aldrei samkveykjast
saugir málmar,
að ei óðum þeir
aptur svíki,
eins er um manna
óhrein hjörta,
erat þeim ráð
í ástum að trúá.

54. Einsog svanabryóst
ætlíð speglast
hrein í krystals-
hreinu vatni,
eins mun saklaus ást
ávalt speglast
alhrein í ungum
elskenda brjóstum.

Nú er Falda-
festir kveðinn
Sigurðar svefnlofti í;
munnt bjúgir faldar
of bitum dansa,
þótt hann gumar gali.

Illur veri hann
óþjóðar konum,
en þeim mun þarfari
þjóðskörungum.
«Njóti sá er nam,
heill sá er kvað,
heilir þeirs hlýddu».

Um uppdrættina.

Til að hafa not að uppdráttunum er bezt að hafa pappír, er sjá má í gegnum, t. d. þunnan prentpappír, og leggja hann á uppdráttinn og draga svo eptir honum með blýanti (rit-blýi); blýantsoddinn má eigi væta, því þá verður strykidið loðnara; að pikka uppdrætti, svo sem áður hefir verið venja, má alls eigi, því eigi verður þá hjá því komizt, að þeir aflagist, auk þess sem uppdráttablöðin skemmast¹.

Uppdrættirnir eru ýmist til þess að baldýra eptir þeim eða skattera, eða til að klippast út, leggjast með borðum, suúrnum, stímum, eða til að saumast með steypilykkju eða perlum eða með blómstursaum.

1. Við uppdrætti þá, sem ætlaðir eru til að baldýra, er bezt að þræða teiknaða pappírinn vandlega á borðanu og sauma pergamentsrósirnar ofaná, leggja því næst snúrurnar og rífa svo pappírinn undan; þegar snúrurnar eru lagðar, verður einkum vandlega að fara eptir uppdrættinum, svo að rósirnar verði eigi stirðar. Til þess að pergamentsrósirnar verði rjett kliptar, skal teikna þær á pergamentið eptir uppdrættinum og er hægast að gjöra það á gluggarúðu. Til þess að sýna, hvernig liggja skal í uppdráttunum, eru smá stryk, þar sem nauðsyn þykir til og mönnum eigi ætlandi að geta ritað það af sjálfnum sjer; þetta á einkum heima um óútsprungin blóm. Af uppdráttunum getur hver, sem kann að baldýra, sjed, hvar palliættur og kantiliur eiga að vera.

¹) Ef uppdráttur sá, sem notast skal, er stórgjörður og eigi riður á neinni sjerlegri nákvæmni, þá má teikna eptir honum, með því að nota „ealqverpappír“; aðferð þessi er mikið fljótleg og einföld, en hún verður eigi notuð, þar sem um smágjörvan eða nákvæman uppdrátt er að ræða, bæði af því, að strykin verða of feit og þaréd hætt er við, að pappírinn liti frá sjer.

2. Þegar uppdráttur er skatteraður, má hafa tvær aðferðir til að setja hann á klæðið; önnur er sú að pikka uppdráttinn með nokkuð grófri nál, leggja hann rjett á klæðið í rammanum og bursta svo yfir hann niðurskafna krit; kemur uppdrátturinn þá út á klæðinu og má þá festa hann með því, að draga í krit og rjóma; þessa aðferð má hafa við stórgerða uppdrætti, en við smágjörva uppdrætti verður að hafa hina aðferðina, sem er í því fólgin, að þræða teiknaða pappírinn vandlega á klæðið, sauma svo uppdráttinn með þjettum hvítum sporum og rífa síðan pappírinn undan; hvítu sporin sýna þá uppdráttinn¹. Mismunur er á því, hve þvert menn láta þræðina liggja í skatteríngunni; betur fer yfirhöfuð að tala að láta þá eigi liggja mjög þvert, en þó má aldrei vera svo langt í sporinu, að húsi undir þræðina; annars fer það nokkuð eptir því sem á stendur, hvað bezt fer í þessu efni; en þar sem liggja skal alveg þvert í uppdráttunum, er það sýnt á þeim með smáum strykum. Varast skal að hafa sporin svo gisin að grísi milli þræðanna, en heldur eigi mega þau vera svo þjett, að þræðirnir liggja hver ofan á öðrum. Á þeim uppdráttum, sem mega vera marglitir, eru skuggarnir sýndir með smáum strykum; á blöðunum liggja stryk þessi við miðaðina, en á leggjunum þar sem þeir ganga á bak við eitthvað. Til þess að láta skuggana koma fram í blómum, án þess að þeir verði of skarpir, má hafa tvær nálar með dekkri lit í annari og sauma sitt sporið með hverri nál, því sjaldnast mun hjer á landi vera vól á svo nákvæmum litum, sem annars væri

¹) Í Njarðvíkurkirkju fyrir sunnan hefi eg sjeð altarisklæði, sem er skatterað með marglitu silki á hvítt silki og má sjá, að uppdrátturinn hefir verið dreginn með blýant á silkið. Þetta hefir líklega verið gjört með því, að leggja uppdráttinn á klæðið og fara eptir honum með hörðum stýl; hefur þá mátt sjá farið á silkiu og þá verið hægt að draga í það með blýanti.

þörf á. Að hafa skuggana rjetta er mjög áriðandi. Af uppdráttunum má sjá, hvar grindur (net) og fræhnútar eiga að vera.

3. Þegar uppdrættir eru kliptir út, sem venjulega er í flöjel, skal rífa fløjelið niður í ræmur rúmlega eins breiðar og uppdrátturinn, þræða það á klæðið, leggja síðan uppdráttinn ofan á það, strá í gegnum hann með krít einsog við skatteringu og klippa svo eptir kriticalpúntunum; en það má eigi hafa langt fyrir sjer í einu, því þá er hætt við að kritical dreifist; síðan er fløjelið saumað niður og svo lagðar snúrur yfir brúnirnar; snúrur eru einnig lagðar til að sýna æðarnar í blöðunum.

4. Þegar uppdrættir eru lagðir, þá má hafa sömu aðferðir til þess að þeir komi út á klæðinu, einsog getið var um skatteringu, nema á skauttrejjuborðum er bezt að þræða uppdráttinn á og leggja svo eptir honum; á kyrtla, sem eru hvítir og gagnsæir, má draga uppdráttinn á efnið sjálf.

5. Þegar uppdrættir eru saumaðir með steypilykkju, eru sömu aðferðir hafðar sem þá, er þeir eru lagðir.

6. Þegar uppdrættir eru saumaðir úr tónum perlum, þá verða þær að saumast í tvist einsog krosssaumur, en gæta verður þess að sauma hverja röð þvert yfir og byrja jafnan sama megin; en þegar menn vilja sauma með perlum í flöjel, þá verður að þræða tvist á það, svo að menn hafi sporin í því til að fara eptir; þegar búíð er að sauma perlurnar fastar, þá er tvistið dregið úr.

7. Þegar uppdrættir eru saumaðir með blómstursaum, þá er pappírinn með teikningunni vandlega þræddur niður á klæðið; síðan er saumað eitt spor með blómstursaum eptir öllum línunum í uppdráttinum; því næst er pappírinn rifinn burtu og síðan er uppdrátturinn, sem þá er kominn út á klæðinu, fylltur upp. Blómstursaumur er eigi saumaður nema með ýmislegum litum og verður þá einkum að

gæta þess, að litaskiptin sjeu rjett og fari vel; í því tilliti þarf nákvæmlega að gæta að skuggunum í uppdráttunum.

Föt þau, sem einkennileg eru fyrir faldbúninginu, eru: faldurinn með blæjunni, skauttreyjan, samfellan, kyrtillinn og möttullinn.

1. Faldurinn er hið elzta og einkennilegasta við búninginn og það sem hann hefir nafn sitt af; því verður að vanda hann sem mest bæði að efni, sem í hann er haft, og að löguminni, og kosta kapps um að láta hann jafnan líta vel út og sitja vel á höfðinu. Faldblæjan er til þess að bregða nekkurskenar húmi yfir faldinn, en hún má aldrei bera hann efurliða og verður því að vera úr sem þynnstu efni og má eigi ná lengra en niður á herðarnar; (brúðarblæjur einar, sem hafðar eru úr afarþunnu ofni, mega þó vera skósiðar); blæjuna skal sníða ávala að neðan og sömuleiðis að ofan, en þó minna; draga má rósir í blæjuna í kríng, en þó fer eigi vel á að þær sjeu miklar; blæjurnar ættu helzt að vora hvítar, en þó fer eigi illa á, að þær sjeu svartar, ef þær oru mjög smágjörvar. Faldhnúturinn (slaufan) á að vera sem minnstur, því að hann á eigi að tákna annað en að keffurbandið væri hnýtt saman; í þeim kofrum, sem saumuð eru á bandi, má bandið alls eigi vera breiðara en stjárnurnar. Gott er að hafa fullgjörðan fald innan í trafínu, svo að það megi taka af, þegar það er þvegið. Þegar faldurinn er rjett búinn til eptir faldsníðinu, þá má eigi brjóta inn af trafínu að framan, þegar skautað er, einsog mörgum hættir við. Betra er að brúka faldeir í faldinn heldur en faldpappa, því að hann aflagast síður; hann má ekki vera þyngri en 8 kvint. Á hliðunum á faldpappanum, þegar hann er hafður, er varpaður sterkur látúnsvír, svo að hann goti betur haldið beygingu þeirri, sem á hann er sett.

2. Skauttreyjan fer bezt að sje svört og á hún að vera sniðin einsog peisa með heilu baki og olbegaermmum

með klauf að framan, sem er höfð lengri, ef ermahnappar eru hafðir; hún er með leggingum á baki, yfir saumnum á öxlinni og um handveginn; báðum megin við þær leggingar er haft smágjört laufaknipl eða snúrur í þess stað; hálsmálið og barmurinn myndast af borðunum með uppdrættinum á; framantil á ermunum er borði með sama uppdrætti einsog á barminum og má taka þann uppdrátt neðan af treyju-
uppdrættinum; skal þá upphaf uppdráttarinn vera utan-
handar en innanhandar fer bezt að uppdrátturinn endi líkt og treyjuborðinn efst aptan á hálsinum.

3. Samfellan er venjulega höfð dökk, en það fer önnig vel, að hún sji með öðrum lit, en þá verður uppdrátturinn á henni ætíð að vera dökkur, ef hann á að fara vel. Bezt er að hafa fellingarnar holdur smáar og jafnan allt í kring. Samfellurnar eru venjulega 5 álnir á vídd og eptir því eru rósauppdrættirnir gjörðir. Bryddingarnar eru einatt hafðar með sama lit sem uppdrátturinn og mega þær eigi vera breiðari en $1\frac{1}{2}$ þumlungur. Þegar hafðir eru uppdrættir með stryki neðan við, fer bezt á því að frá strykinu niður að bryddingunni sji eigi breiðara en frá strykinu upp að uppdrættinum. Þess verður að gæta að uppdrátturinn sji alstaðar látinn vera jafnlangt frá brúninni á klæðinu, svo að endarnir komi rjett saman, þar sem þeir mætast.

4. Kyrtillinn á bezt við að sji hvítur að lit og úr þunnu efni; framaná erminni, kringum höfuðsmáttina og neðan á kyrtlinum skal vera uppdráttur og einnig skal legging vera yfir ermasaumnum og saumnum kringum handveginn; bezt fer á að hafa sama uppdrátt að neðan sem við höfuðsmáttina og af sömu stærð og má gjöra hann optir því, sem beint er í höfuðsmáttaruppdráttunum¹.

¹) Það er eðlilegast, að kyrtillinn sji allur heill, en eigi sundur-
laus í mittinu, enda fer hann þá og bezt. Til þess þarf hann
að vera sneiddur upp í hliðunum.

Uppdrættirnir sýna jafnframt sniðið á erminni að framan og á höfuðsmáttinni, en þeir ná ekki yfir meira en helming af erminni og fjórðung af höfuðsmáttinni; á erminni liggur strykið fram við faldinn, en á höfuðsmáttinni liggur það yfir saumnum, þar sem bryddingin (hinníngia) er saumuð við þolinn. Þegar sami uppdráttur er hafður neðan á kyrtilinn, þá skal strykið vera fyrir neðan á faldsaumnum, jafnlangt frá og á höfuðsmáttinni.

5. Möttullinn er yfirhöfn, sem á bæði við peisubúnínginn og faldbúnínginn; allt í kring á honum er ýmist höfð brydding úr skinni, flosi eða «astrachan», ellegar leggingar eða útkliptur uppdráttur. Við peisuföt er möttullinn festur saman upp við hálsinn, svo að hann skýli sem bezt, og er þá einnig höttur hafður yfir höfðinu. Við skautföt er möttullinn hnýttur saman á brjóstinu rjott fyrir neðan hálsamálið á treyjunni, og þá er möttullinn eigi hafður síðari en svo, að uppdrátturinn á samfellunni sjáist. Sjeu möttulskildir hafðir, þá eru þeir festir rjett út af böndunum fyrir utan uppdráttinn eða bryddinguna. Á uppdráttunum sjest að eins hornið niður við, en uppdráttinn allt í kring má svo búa til eptir því sem beint er út frá horninu; til að festa uppdráttinn á möttulsklæðið, verður að teikna uppdráttinn allt í kring á pappír; þræða hann niður og sauma hann svo með hvítum sporum.

Við faldbúnínginn er sjálfsagt að hafa jafnan koffur og belti; á hvítum faldinum fara koffrin bezt, þegar þau eru gyllt; það á bezt við að boltin sjeu einsog koffrið úr málm, en þó má einnig hafa þau saumuð og er þá eigi annað úr málm en spennurnar eða sylgjan og sprotalaufið, ef sproti er hafður, sem þykir vora fallegra og er eldra. Enn fremur má við skautbúnínginn hafa herðafestar og hálsmen með krossi, kingu eða úri, en oyrnhringar munu síður eiga við hann. Á skauttrejgunni má hafa ermahnappa, við kyrtilinn armhringa og brjóstnálar, og á möttlinum skildi.

Auk þess að sjá um að fötin fari vel og að vanda sem mest allan útsaum á þeim og gæta þess, að uppdrættirnir sjeu sem rjettastir, þá er áriðandi að velja þá liti, sem vel eiga saman; um þetta er erfitt að gefa almennar reglur, því sitt á við hvað, en hver sem hefir nokkra almenna menntun og tilfinningu fyrir því, sem vel fer á, mun með eptirtekt og aðgæzlu geta komizt hjá að setja saman þá liti, er illa eiga við.

Snið. Nr. 1—5.

Nr. 1 sýnir hina rjettu beygingu, sem á að vera á faldinum.

Nr. 2, (sem gengur að nokkru leyti yfir nr. 1) er snið af hliðum faldsins; bezt er að búa sjer til optir uppdrættinum pappasnið til að sniða eptir, en þegar sniðið er, verður af ljereptinu að ætla fyrir faldinum að neðan og saumnum. Þar sem stafurinn *x* er, skal byrja að setja miðstykkið *i*; þar fyrir neðan eru hliðarnar saumaðar saman.

Nr. 3 er snið af miðstykkinu í faldinum, og verður þó að ætla umfram fyrir saumunum. Það sýnir sömuleiðis lögunina á faldpappanum, sem brúkaður or, þegar ekki er hafður faldeir.

Nr. 4 er uppdráttur af faldeirnum. Kúpan er mest neðst við *a*, en fer minnkandi allt að *b*; þar fyrir framan er faldeirinn flatur.

Nr. 5 sýnir hvernig leggja skal bakið á skauttrejgunni. Við *x* er miðjan á bakinu, og uppdrátturinn sýnir, hve langt skal vera milli leggínganna. Kniplið, sem sýnt er neðst, eða snúrur, sem hafa má í þess stað, á alstaðar að vera utanmeð leggíngunum. Leggíngin á öxliuni, er liggur yfir saumnum, sjest hálf á uppdrættinum, og þarf hún eigi að ná nema til *z*, því þar fyrir ofan kemur hálsborðinn.

Grískir uppdrættir.

Nr. 6—24.

Uppdrættir þessir eru forngrískir að uppruna, en sumir þeirra þó ef til vill frá austurlöndum; flestir þeirra hafa verið hafðir hjer á fyrri öldum og finnast þeir bæði á ýmsum forngrípum og í gömlum islenzkum handritum; með þeim, sem hringaðir eru, tákauðu Grikkir sjávarbylgjur eða holskeflur.

Uppdrættir á kyrtla. Nr. 6—10.

Uppdrætti þessa skal annaðhvort sauma með steypilykkju eða leggja með snúrum eða stímum eða ef til vill með mjög mjóum borðum. Á öllum uppdráttunum sýnir **m** mitt brjóstid (bakið), en **n** öxlina; **o** sýnir olbogabótina á erminni, en **p** olbogann. Á tveimur uppdráttunum eru sýndar brjóstnálar.

Uppdrættir á belti. Nr. 11—14.

Eftir uppdráttum þessum má leggja bolti með snúrum (stímum), eða sauma þau með glerperlum. Beltin eru öll með sprotum og sýnir **x** hvar sprotarnir byrja; einnig má gjöra belti með sömu gjörð, sem er á sprotunum, að því einu undanskildu, að þá verður að sleppa augunum, sem ætluð eru fyrir þornid í sylgjunni; beltisuppdrættirnir verða þannig alls 8. Til aðgæzlu fyrir þá som ætla að sauma beltin með perlum, skal þess getið, að bezt fer á að hafa perlurnar svo smágjörvar, að 14 perlur fari í breiddina á uppdrættinum nr. 14, en 18 perlur í breiddina á hinum; þá má hafa 2 perlur í strykinu og 2 á milli strykanna þar sem skemmst er.

Uppdrættir á skauttrejgur. Nr. 15 - 16.

Þeir eru til þess að leggja með snúrum (stímum) eða sauma þá með steypilykkju; einnig mætti reyna að sauma þá með perlum í flöjel. Þeir eru báðir í tvennu lagi og ætlaðir til að setjast saman, I við I og **m** við **m**. Annarsveggar við uppdráttinn (framaná) eru tvö stryk og tilhoyrir innra strykið uppdrættinum, en ytra strykið, einsog einnig eina strykið hinumegin, er sniðið á borðunum.

Uppdrættir á samfellur. Nr. 17—21.

Uppdrætti þessa má leggja með borðum, snúrum eða knipluðum stímum eða sauma þá með steypilykkju. Á uppdráttunum nr. 17, 18 og 21 er dökkt dregið í til þess að sýna borðana, og af því má sjá, hvað á hinum uppdráttunum táknar þá. Á uppdráttunum nr. 17 og nr. 21 er sýnt stryk neðst, en það gildir fyrir alla uppdrættina. Til þess að uppdrættirnir nái hringinn í krúg á samfellunni, verða þeir að endurtakast hvað eptir annað **n** við **n** og **o** við **o**. Við uppdráttinn nr. 21 er það athugavert, að hann er sjer í lagi gjörður til að klippast út úr flöjeli og klippist þá hvað úr öðru, svo að ekkert ónýtist.

Uppdrættir á möttla. Nr. 22—24.

Við uppdrætti þessa má hafa sömu aðferð sem við uppdrætti á samfellur; uppdrátturinn nr. 22 verður eigi lagður með borðum, en það má klippa hann út úr flöjli.

Býsanzkir uppdrættir.

Nr. 25—39.

Uppdrættir þessir eru gjörðir í þeim stýl, er almennur var á fyrri hluta miðaldanna; þeir breiddust mest út frá Constantinopel (Miklagarði, Bysantium), og hafa nafn sitt af því; þeir voru almennt notaðir hjer á landi á 12., 13. og 14. öld, svo sem bæði útskurðir, útsaumur og handrit frá þeim tímum sýna.

Skauttreyju-uppdrættir. Nr. 25—28.

Uppdrættir þessir eru allir til þess að baldýrast eptir þeim. Þeir eru allir í tvennu lagi og eiga að setjast saman í við l og m við n. Strykin utan með sýna sniðin á borðunum. Uppdrátturinn nr. 28 er tekinn af hinum svo nefndu „gröfum konunganna“ í Gyðingalandi.

Samfellu-uppdrættir. Nr. 29—36.

Uppdrættirnir nr. 29—32 eru til þess að klippast út eða skatterast einlittir; en nr. 33—36 eru til þess að leggjast með snúrum og stímum eða saumast með steypilykkju; uppdrættirnir endurtakast n við n og o við o. Nr. 32 er svo langur, að hann kemst ekki fyrir nema á tveimur blöðum; fyrri parturinn er nr. 32a, en síðari parturinn nr. 32 b; partarnir eiga að setjast saman f við f og g við g. Uppdrættina nr. 33—36 má hafa neðan á kyrtla. Uppdrátturinn nr. 32 er tekinn af hinum áður nefndu „gröfum konunganna“.

Möttuls-uppdrættir. Nr. 37—39.

Þeir eru ætlaðir til þess að klippast út eða skatterast einlittir.





